

1121. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 17. desember 2014, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.
Gestur fundarins: Viðar Ingason hagfræðingur VR

Dagskrá:

1. Fundargerð 1120. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar

Ólafía lagði fram fundargerð 1120. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

a) Kjaraúlika VR

Viðar Ingason hagfræðingur VR, sem var gestur fundarins, fór yfir, á glærum, kynninguna „*Laun og launaþróun í aðdraganda kjarasamninga*“ eftir Ólaf Darra Andrason hagfræðing ASÍ. Þar var m.a. fjallað um launabreytingar á árinu 2014 þar sem kemur fram að VR er í neðrihluta hækkana ef borið er saman við aðra hópa. Verkafólk hefur hækkað mest og er það kannski vegna þess að byggingariðnaðurinn er að taka við sér.
Miðað er við tímabilið 2006 – 2014.

Næst fór Viðar yfir á glærum „*Kjarasamningar og reiknilíkan VR*“. Þetta reiknilíkan býður uppá það að skoða muninn á prósentuhækkunum og flatrí krónutöluhækkun launa, einnig blandaðar leiðir ofl. Skilgreind eru fimm launabil. Fór hann yfir líkanið m.v. síðustu kjarasamninga og kom þar m.a. fram að ef allir hefðu fengið flata krónutöluhækkun hefði það verið milli 11. – 12. þúsund krónur. Fór Viðar þá næst yfir mögulega hækkun með þaki og blandaða leið.

Umræður.

Að loknum umræðum og fyrirspurnum var Viðari þakkað fyrir þetta innlegg og vék hann af fundi kl. 18:40.

b) Staða kjaraviðræðna

Ólafía Björk sagði frá því sem verið hefur að gerast í kjaraviðræðunum undanfarið. Þrír fundir hafa verið haldnir um sérkjaramálin og virðist sem mál sem eru túlkunarmál verði unnin hratt þar sem samstaða er um að flýta því. Ræddi hún þá niðurstöður rýnihópakönnunar sem nýlega var gerð á vegum VR vegna komandi kjarasamninga en stefnt er að því að gera enn stærri könnun um efnið í janúar. Ljóst að fólk vill hækka lægstu laun, auka kaupmátt og fá hér stöðugleika. Greinilegt er þó að krafa er um leiðréttingu gagnvart öðrum hópum sem fengu meira í síðustu samningalotu. Ræddi hún í þessu samhengi stöðuna í kjaraviðræðum hjá öðrum félögum. Fundað hefur verið með ríkisstjórninni og þaðan komið krafa um þjóðarsátt um laun lækna en ljóst er að við tökum ekki við því máli – það er ekki í boði að bjóða okkar fólki uppá slíkt.

Vinnufundur formanna í ASÍ félögunum hefst á morgun og stendur fram á föstudag. Verður þar skoðaður m.a. möguleiki verkfalla í komandi samningsátökum.

Vegna vanefnda ríkisvaldsins verður að skerða þjónustu hjá VIRK endurhæfingarsjóði en miklar vanefndir eru einnig í öðrum málaflokkum sem búið var að semja um og sumt jafnvel sett í lög en er samt ekki virt.

Sagði hún svo frá fréttatilkynningu sem VR hefur sent út um vaxtamun bankanna og sem hefur vakið mikla athygli og viðbrögð. Arion banki hefur brugðist við en þó ekki að fullu. Ætlar hún að senda bréf á bankana vegna þessa máls og höfða til samfélagslegrar ábyrgðar þeirra.

Umræður.

3. Áætlun ársins 2015

Stefán fór nú yfir rekstaráætlun 2015 á glærum. Í máli hans kom m.a. fram að breytingar hafi orðið á áætluninni frá því að hún var síðast kynnt m.a. er þar um að ræða að áætlun fjölgun félagsmanna fellur úr 1.4% í 0,895% og er það að mestu vegna þess að vænst er að félagsmenn sem starfa hjá Borgun muni flytja sig yfir í Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Svo bætist við kostnaður uppá 500 þús. kr. vegna fyrirhugaðra námskeiða fyrir atvinnuleitendur og fjárfestingaráætlun hækkar um ein milljón kr. vegna kaupa á dráttarvél í Miðhúsaskóg en sú vél reyndist dýrari en áætlað var.

Fór Stefán þá yfir rekstaráætlunina þar sem kom m.a. fram að tekjur eru áætlaðar 2.8 milljarðar kr. en gjöld 2.7 milljarðar kr.

Þá er gert ráð fyrir að rekstartekjur umfram gjöld verði 127 milljónir kr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar 613 milljónir kr.

Fór hann því næst yfir áætlunina eftir deildarskiptingu.

Ræddi Stefán þá næst útboð á eignastýringu sem reiknað er með að fara í.

Hefur sú stýring verið í óbreyttu formi nokkuð lengi.
Fór hann þá næst yfir fjárfestingastefnu VR og er lagt til að hún sé óbreytt milli ára. Hún er þessi:

<u>Í prósentum</u>	<u>Stefna</u>	<u>Lágmark</u>	<u>Hámark</u>
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0	0	25
Skbr. með ábyrgð ríkis	79	50	100
Skbr. bæjar- og sveitafélaga	1	0	7
Skbr. banka, sparisj. og annarra lánastofnana	1	0	5
Fasteignaveðtryggð skbr.	0	0	3
Hlutabréf (sjá sundurliðun)	17	0	40
Önnur Verðbréf (sjá sundurliðun)	2	0	15
Hlutabréf:	17	0	40
Innlend hlutabréf	2	0	10
Erlend hlutabréf	15	3	35
Önnur verðbréf:	2	0	15
Skbr. fyrirtækja	0	0	5
Erlend skbr.	2	0	10
Aðrar fjárfestingar	0	0	2

Ræddi Stefán þá skrifstofu- og stjórnunarkostnað.
Ólafía tók til máls og ræddi breytingar þessu tengt vegna þess að verkefninu um STARF mun ljúka í apríl n.k. samkvæmt samningi.

Reiknað er með því að stöðugildi hjá VR verði 53.82 og að fjölgun stöðugilda milli ára verði 2,44.

Umræður.

Að loknum umræðum var áætlunin 2015 ásamt óbreyttri fjárfestingastefnu borin upp til atkvæða.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Staða mála hjá:

a) Sjúkrasjóði

Rannveig, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, fór yfir helstu málefni og verkefni sjóðsins. Ræddi hún líka hlutverk framkvæmdastjórnar sjóðsins ofl.

Sagði hún svo frá vinnu við breytingar á Reglugerð og Starfsreglum sjóðsins sem unnið hefur verið að undanfarið. Er stefnt að því að þær breytingar verði svo lagðar fram til samþykktar á komandi aðalfundi.

b) Laganefnd

Rannveig, sem er formaður Laganefndar VR, sagði frá starfi nefndarinnar. Verið er að skoða ýmsar tillögur að lagabreytingum og fyrst hefur verið skoðað það sem var fellt á síðasta aðalfundi auk tillagna frá Óskari Guðmundssyni. Hugmyndin er sú að kynna þetta núna mjög vel því það var helsti gagnrýnispunktur er tillögurnar voru felldar. Einnig er unnið að reglugerð um Vinnudeilusjóð og er það komið á vefinn og hægt að skoða. Einnig hefur verið stillt upp töflu um réttindi félagsmanna og lagt er til að það verði sett á heimasíðu félagsins þegar það er tilbúið.

c) Orlofssjóði

Sigurður, sem er formaður stjórnar Orlofssjóðs VR, sagði frá helstu verkefnum sjóðsins á glærum. Sagði hann þar m.a. frá orlofshúsum VR og hugmyndum að byggingu húss fyrir fatlaða í Miðhúsaskógi en það er okkur nauðsyn vegna krafna reglugerða. Rakti hann ýmis önnur atriði sem unnið er að um þessar mundir eins og vinnu við þær breytingar sem þarf að fara í vegna húsanna á Einarstöðum. Einnig að búið væri að samþykkja, til reynslu í eitt ár, að leyfa gæludýr í húsum 1 – 4 í Miðhúsaskógi. Fór Sigurður líka yfir nýjar úthlutunarreglur sem m.a. eru þær að nú opnast fyrir bókanir allt næsta sumar þann 8. apríl nk.

d) Starfsmenntanefnd

Ingibjörg Ósk, formaður Starfsmenntanefndar VR, sagði frá störfum nefndarinnar og rakti helstu verkefnið sem unnið hefur verið að og þau sem eru í skoðun. Má þar nefna þá áherslu sem lögð er á unga fólkið og sem brugðist var við með því að setja á stofn *VR Skóla lífsins* en markaðssetning hans hefur tekist með eindæmum vel og allt verkefnið sérlega vel heppnað. Hafa þegar útskrifast 170 nemendur úr skólanum. Vilja þau nú leggja áherslu á menntastig 50 ára og eldri og verið er að skoða þrepaskipt nám verslunarfólks í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Vonast er til að það nám muni hafa áhrif inni kjarasamninga.

Fundi var slitið kl. 20:35
Árni Leósson, fundarritari